

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð.* — **165**
 Samkvæmt allra þegnlegustu tillögum ráðgjafans, þá er hann hafði meðtekið þóknanlegt **16. okt.**
 brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 23. ágúst þ. á. hefir hans hátign konunginum hinn
 13. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að jörðina Haukagil í Hvítársíðuhreppi í
 Mýrasýslu í vesturumdæmi Íslands, sem liggur undir Gilsbakka prestakall, megi selja
 Sigurði söðlasmið Jónssyni að jarðakaupum fyrir jörðina Hvassafell í Norðurárdalshreppi
 í sömu sýslu með tilheyrandi hjáleigum, Uppkoti og Útkoti, þannig að hina fyrnefndu
 jörð beri eptirleidis að því er snertir gjaldskyldu að skoða sem bændaeign, en hina síð-
 arnefndu sem kirkjujörð.

Þetta læt jeg ekki undir höfuð leggjast að tjá yður, herra landshöfðingi, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um prjedikunartexta.* — **166**
 Samkvæmt allra þegnlegustu tillögum ráðgjafans, er hann gjörði eptir að hafa meðtekið **16. okt.**
 þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 14. júní þ. á., hefir hans hátign konung-
 inum þóknast hinn 13. f. m. allramildilegast að fallast á,

- 1, að biskupinum yfir Íslandi veitist vald til, að leyfa prestum þar ár frá ári eða eptir
 annari hagkvæmri reglu að prjedika til skiptis út af hinum fyrirskipuðu guðspjalla-
 textum og út af hinum fyrirskipuðu pistlertextum, og enn fremur að biskupinn geti
 veitt prestunum leyfi til um vissan tíma að prjedika út af öðrum textum eða köfl-
 um hins nýja testamentis eða litlu fræðum Lúthers, þó má ekki leyfa þetta þá
 sunnudaga í föstunni, er prjedika skal út af píningsögu Krists.
- 2, að þegar presturinn prjedikar út af öðrum texta en hinu fyrirskipaða guðspjalli, þá
 skuli hann samt tóna það, og
- 3, að lagt verði fyrir prestinn, ef hann af sjerstökum ástæðum skyldi hafa notað sjálf-
 valinn texta, þá að tilkynna það prófasti.

Þetta undanfelli ráðgjafinn ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra
 landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **167**
 umboðsmann sýslumanns við tollheimtuna. — Í þóknanlegu brjefi frá 14. **20. okt.**
 f. m. sögðu þjer, herra amtmaður, mjer álit yðar um erindi Pjeturs verzlunarstjóra Guð-
 johnsens á Vopnafirði, er hann hafði hingað sent, og þar sem hann fer þess á leit, að
 þar á staðnum verði settur maður, sem á eigin ábyrgð hafi á hendi störf þau, er sam-
 fara eru tollheimtunni. Vil jeg því hjer með tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og
 birtingar, að hið umbeðna verður ekki veitt, því að ábyrgðin á tollheimtunni hvílir á
 lögreglustjóra, og er þar í fólgin trygging bæði fyrir landssjóð og tollgreiðendur; aptur á
 móti er sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu skyldur til að hafa umboðsmann á Vopnafirði,
 löggiltan af amtinu, sem sýslumannsins vegna og á hans ábyrgð gætir starfa þeirra, sem
 eru samfara tollheimtunni þar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **168**
 flutning úr framfærslusveit. — Eptir að Hjörtur sá Guðmundsson, er getur um **25. okt.**

Hinn 20. desbr. 1880.